

[Stefnan yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundi 15.03.2018]

Það er stefna Orku náttúrunnar að:

Beita opnum útboðum við kaup á vörum, þjónustu og verkframkvæmdum og að hagstæðasta tilboði sé tekið. Að öðrum kosti skal beita lokuðum útboðum, verðfyrirspurnum meðal sem flestra eða beinum samningum eða innkaupum

Innkaupareglur og innkaupaaðferðir séu skýrar og gegnsæjar

Gæta jafnræðis, gagnsæis og hagkvæmni við öll innkaup

Við innkaup og rekstur samninga skuli taka sérstakt tillit til gæða-, heilbrigðis-, mannréttinda-, umhverfis-, upplýsingaöryggis- og öryggissjónarmiða.

Ábyrgð á innkaupum eru á hendi framkvæmdastjóra.

Hvorki starfsmenn né stjórnarmenn geta átt aðild að ákvörðunum um innkaup er varða aðila sem þeir eru í hagsmunatengslum við. Við mat á hæfi skal miða við stjórnsýslulög.

Starfsmönnum er óheimilt að þiggja boðsferðir sem tengjast viðskiptum við Orku náttúrunnar nema með sérstakri heimild framkvæmdastjóra.

Innkaupastefnan byggir á gildum og heildarstefnu Orku náttúrunnar og er sett fram til samræmis við eigendastefnu samstæðu OR.

Tilvísanir:

[SKI-100](#); Ábyrgðir i vottuðum stjórnunarkerfum.